

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2016, þriðjudaginn 19. apríl var haldinn 92. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:15. Viðstödd voru: Hermann Valsson, Óttarr Örn Guðlaugsson, Gunnar Kristinsson og Berghildur Erla Bernharðsdóttir. Einnig voru viðstaddir: Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals, Þórir Jóhannsson, fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts og Þorgeir Magnússon deildarstjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Fundarritari var Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri ÞÁG

Þetta gerðist:

1. Lagt fram yfirlit styrkumsókna úr forvarnarsjóði til hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals vegna ársins 2016, dags. í dag ásamt fylgigögnum. Hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals vill fá kynningu á verkefninu Stafræn húðflúr hverfa aldrei áður en ákvörðun verður tekin með styrkveitingu. Öðrum umsóknum var hafnað.
 - Kl. 16.29 tekur Berghildur Erla Bernharðsdóttir sæti á fundinum.
2. Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals fjallar um flutning og stöðu Fram í Úlfarsárdal. Formanni er falið að leita eftir því að hverfisráðið/íbúasamtök hverfanna verið gefin heimild til að sitja samningafund Fram og Reykjavíkurborgar þann 26.apríl næstkomandi sem áheyrnarfulltrúi.
 - Kl. 16.47 vísar Kristinn Steinn Traustason af fundinum.
3. Lagt fram styrkumsókn frá foreldrafélögum í Árbæ og Grafarholti og Litla forvarnarteymi ÞÁG vegna forvarnarkvölds fyrir foreldra í hverfunum. Samþykkt var að veita foreldrafélögum hverfanna á Litla forvarnarteymi styrk að fjárhæð kr. 60.000 til að fræða foreldra í hverfunum um Vináttu og að halda í vináttu.
 - Kl. 17.00 vísar Þorgeir Magnússon af fundinum.

Fundi slitið kl. 17.10

Hermann Valsson

Berghildur Erla Bernharðsdóttir
Gunnar Kristinsson

Óttarr Örn Guðlaugsson